

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1995

21. mars 1995

337

Nr. 165

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmalasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 100 3. febrúar 1995, sem hér segir:

- J Þjóðvaki, hreyfing fólksins.
- K Kristileg stjórnmalahreyfing.
- M Vestfjarðalistinn, samtök stuðningsmanna Péturs Bjarnasonar.
- N Náttúrulegaflokkur Íslands.
- S Suðurlandslistinn, listi utan flokka á Suðurlandi.

Þá hefur ráðuneytið skráð breytingu á heiti stjórnmalasamtaka sem hafa skráðan listabókstaf, sem hér segir:

- G Alþýðubandalag og óháðir.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. mars 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

17. mars 1995

Nr. 166

AUGLÝSING

um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.

1. gr.

Fyrir innlagningu og meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar greiðast eftirtalin gjöld:
Kr.

- 1) Grunnjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn, skv. 2. mgr. 28. gr. einkaleyfalaga (ell.), sbr. 1. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu Samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) 40.000

B 24

Gutenberg